

29.1.2019

Tilvísun í mál: FRN19010887

Sæl Elísabet

Ég vísa til erindis þíns frá 17. júlí 2018 varðandi kjör aldraðra sem eru af erlendu bergi brotnir.

Ég vil vekja athygli þína á frétt á heimasíðu ráðuneytisins þar sem greint er frá niðurstöðum starfshóps um kjör aldraðra sem skilaði skýrslu sinni í desember 2018. Í skýrslunni eru lagðar fram tillögur sem ætlað er að koma til móts við þann hóp sem hér um ræðir.

<https://www.stjornarradid.is/raduneyti/felagsmalaraduneytid/>

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að svara erindi þínu.

Bestu kveðjur,

Ágúst Þór Sigurðsson
settur skrifstofustjóri

17.7.2018

Sæl, á fundi öldungaráðs Reykjavíkurborgar þann 31. maí sl. var samþykkt að senda tillögu öldungaráðs Reykjavíkurborgar um nauðsyn þess að hafa aukið samráð vegna stöðu eldri innflytjenda frá dags. 17. maí, til velferðarráðuneytis.

Lögð fram svohljóðandi tillaga öldungaráðs Reykjavíkurborgar:

Öldungaráð Reykjavíkur efndi á dögnum til ráðstefnu þar sem fjallað var um kjör aldraðra sem eru af erlendu bergi brotnir. Þar kom fram að kjör þessa fólks eru oft afar léleg. Það stafar ekki síst af því að aldraðir sem eru af erlendum uppruna eiga ekki rétt á tekjutryggingu nema aðeins að hluta til. Lagaákvæðin kveða á um að fólk fái fyrst fulla tekjutryggingu þegar það hefur búið á Íslandi í 40 ár. Framundan er mikil fjöldun aldraðra af erlendum uppruna af fyrstu, annarri eða þriðju kynslóð. Það er nauðsynlegt að samfélagið allt, borg, ríki og samtök aldraðra búi sig undir það að þessu fólki fer fjölgandi. Telur öldungaráðið að borgin og Félag eldri borgara í Reykjavík þyrftu að efna til samstarfs við ríkið og önnur sveitarfélög um að móta stefnu og tillögur um það hvernig lífskjör aldraðra af erlendum uppruna verða öruggari en nú er.